

# Ársreikningur 2019



Akraneskaupstaður

Fasteignafélag  
Akraneskaupstaðar ehf.

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Áritun endurskoðanda .....	3-4
Áritun og skýrsla stjórnar .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8-9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf.

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi félagsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:**

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

**Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2020.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

---

Löggiltur endurskoðandi

## Áritun og skýrsla stjórnar

---

Tilgangur félagsins er að starfa í þágu almenningsheilla og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu markmiða félagsins, þ.e. til eflingar íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.

Tap af rekstri félagsins á árinu nam kr. 27.620 og eignir í árslok námu samtals kr. 478.982 og skuldir kr. 117.330. Eigið fé var kr. 361.652 í árslok.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi félagsins.

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi, 30. mars 2020.

**Stjórn:**

## Rekstrarreikningur ársins 2019

---

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Bókhalds- og skrifstofuþjónusta .....	3	27.000	25.000
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>3.500</u>	<u>3.150</u>
		<u>30.500</u>	<u>28.150</u>
 (Tap) fyrir fjármagnsliði .....		 (30.500)	 (28.150)
<b>Fjármagnsliðir:</b>			
Vaxtatekjur .....		8.310	7.262
Vaxtagjöld, Aðalsjóður .....		(3.602)	(2.139)
Fjármagnstekjuskattur .....		<u>(1.828)</u>	<u>(1.597)</u>
		<u>2.880</u>	<u>3.526</u>
 (Tap) ársins .....	 1,2,4	 <u><b>(27.620)</b></u>	 <u><b>(24.624)</b></u>

## Efnahagsreikningur

---

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir:</b>		
<b>Veltufjármunir:</b>		
Handbært fé:		
Bankareikningar .....	<u>478.982</u>	<u>472.500</u>
Veltufjármunir	<u>478.982</u>	<u>472.500</u>

**Eignir samtals** 478.982 472.500

**31. desember 2019**

**Eigið fé og skuldir:**

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eigið fé:</b>		
Hlutfé .....	500.000	500.000
Annað eigið fé (ójafnað) .....	<u>(138.348)</u>	<u>(110.728)</u>
Eigið fé 5	<u>361.652</u>	<u>389.272</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Aðalsjóður .....	<u>117.330</u>	<u>83.228</u>
Skammtímaskuldir	<u>117.330</u>	<u>83.228</u>
Skuldir samtals	<u>117.330</u>	<u>83.228</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b><u>478.982</u></b>	<b><u>472.500</u></b>



## Sjóðstreymi árið 2019

Rekstrarhreyfingar:	2019	2018
(Tap) ársins .....	(27.620)	(24.624)
Veltufé (til rekstrar)	(27.620)	(24.624)
<b>Fjármögnunarahreyfingar:</b>		
Aðalsjóður, breyting .....	34.102	30.289
Hækkuná handbæru fé .....	6.482	5.665
Handbært fé í ársbyrjun .....	472.500	466.835
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>478.982</b>	<b>472.500</b>

## Skýringar

### Félagið:

1. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf. er íslenskt einkahlutafélag. Heimilisfang félagsins er að Stilholti 16-18, Akranesi.  
Tilgangur félagsins er að starfa í þágu almenningsheilla og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu markmiða félagsins, þ.e. til eflingar íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.

### Reikningsskilaaðferðir:

#### *Grundvöllur reikningsskilanna*

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

#### *Færsla gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### *Tekjuskattur*

4. Markmið félagsins er að starfa í þágu almenningsheilla og skal öllum hagnaði félagsins, þ.m.t. uppsöfnuðum hagnaði í formi eignamyndunar, einungis ráðstafað í þágu markmiða félagsins, þ.e. til eflingar íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar. Þessu markmiði félagsins má ekki breyta nema með þeim hætti að það samrýmist undanþágu 5. töluliðar 4. greinar laga um tekjuskatt.

### Eigið fé:

5. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 500 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig í árslok:

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun .....	500.000	(110.728)	389.272
(Tap) ársins .....		(27.620)	(27.620)
Eigið fé í árslok .....	<u>500.000</u>	<u>(138.348)</u>	<u>361.652</u>